

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

atvinna

allt í MIÐJU BLAÐSINS



BALTASAR KORMÁKUR

Ætlar að skora minnst eitt mark í sumar

Spilar í 3. deildinni í knattspyrnu

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. júlí 2006 – 203. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Langaði til að gera eitthvað fyrir sjálfan mig

Friðrik Vignir Stefánsson organisti í Grundarfirði spilar þar í síðasta sinn í dag en hann er fluttur suður eftir sautján ára dvöl á Snæfellsnesinu.



TÍMAMÓT 10

Stríðsátök daglegt brauð

Óttar Egilsson býr ásamt fjölskyldu sinni í borginni Modin í Ísrael. Hann kveðst orðinn vanur því eldfima ástandi sem ríkt hefur í landinu.



VIÐTAL 10

Leiðtoginn leitar að stefnu

„Það er innan við ár í næstu þingkosningar og Samfylkingin hefur ekki enn mótað og útfært stefnu sína í einu veigamesta viðfangsefni íslenskra stjórnmála,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 10


Fram mætir Gummersbach

Í gær var dregið í riðla fyrir Meistaradeild Evrópu í handknattleik og fékk Fram sannkallaðan draumadrátt. Liðið mun í fyrsta leik keppa á heimavelli við þýska stórliðið Gummersbach sem Alfreð Gíslason þjálfar. Með liðinu spila tveir fyrrverandi leikmenn Fram.



ÍÞRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG




RIGNING OG SKÚRIR - Í dag verður austan strekkingur sunnan til en heldur hægari er norðar dregur. Rigning eða skúrir en úrkomulítið norðan til og á Vestfjörðum. Hiti 12-20 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára

Meðallestur á tölublað



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

Ofsaakstur vélhjólamanna ógnar öryggi almennings

Yfirlögregluþjónn í Reykjavík telur koma til greina að auka kröfur til bifhjólaprófs. Dómsmálaráðherra segir hugarfarsbreytingu nauðsynlega en efast um að hægt sé að höfða af skynsemi til þeirra sem aka á 200 kílómetra hraða. Gríðarleg fjölgun kraftmikilla vélhjóla veldur lögregluþjónnum áhyggjum.

UMFERÐARÖRYGGI Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, telur koma til greina að gera stóráknað kröfur til þeirra sem vilja fá leyfi til að aka kraftmiklum vélhjólum ef forvarnarstarf og samvinna við bifhjólasamtök skilar ekki tilætuðum árangri. Að undanfögnu hefur lögreglan ítrekað tekið ökumenn kraftmikilla vélhjóla á ofsahraða sem er í hrópandi mót-sögn við áróður samtaka vélhjólafólks um umferðaröryggi.

„Þetta er hreinlega glæpsamlegt athæfi og ljóst að ekkert þarf að bera út af til að illa fari og ljóst að þegar keyrt er á slíkum hraða er dauðaslys eina útkoman ef eitthvað bregður út af. Það hlýtur að koma til greina, ef ekkert breytist, að



BJÖRN BJARNASON



GEIR JÓN ÞÓRISSON

það verði virkilega prófað hvort mönnum sé einfaldlega treystandi fyrir því að aka á þessum kraftmiklu tækjum. „Ég er þeirrar skoðunar að menn sem keyra á þessum hraða séu ekki heilir á geðsmunum,“ segir Geir Jón.

Geir Jón segir langflesta bifhjólamenn taka ábyrga afstöðu og

keyra á löglegum hraða. Hann segir þó að gríðarleg fjölgun kraftmikilla vélhjóla valdi lögregluþjónnum áhyggjum og hjólin séu keypt af hópi sem tengjast ekki bifhjólasamtökum og taki ekki þátt í forvarnarstarfi og umræðum um umferðaröryggi. „Umræðan innan lögreglunnar fer í alvarlegri farveg ef þessu linnir ekki. Ég held að samfélagið geri kröfu um það.“

Aðspurður um hvort stjórnvöld ættu að beita sér sérstaklega gegn hraðakstri segir Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, mestu skipta að stuðla að hugarfarsbreytingu hjá þeim, sem virða umferðarlög að engu og hundska eigið öryggi og samborgara sinna. „Ef kröfum um bætta umferðar-

menningu er einungis beint að lög-reglu og þeim, sem ákveða refsingu, er einfaldlega látið undir höfuð leggjast að kalla þá til ábyrgðar, sem hættunni valda, það er hina ósvífnu ökuníðinga, sem engu eira. Meira eftirlit og hærri sektir kunna vissulega að halda aftur af þeim sem virðast einna helst stjórnast af einbeittum vilja til að ögra samborgurum sínum, lögreglu og jafnvel eigin lífi og limum en þegar menn kjósa að aka á meira en 200 kílómetra hraða á bifhjóli til að komast undan lög-reglu, má draga þá ályktun, að ekkert haldi í raun aftur af þeim,“ segir Björn.

Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson samgöngumálaráðherra í gær. -shá



BLÓMARÓS Á AUSTURVELLI Gleðibros var á hverju andliti á Austurvelli í gær þegar þau Lovísa Sigmundsdóttir og Þorbjörn Þorbjörnsson voru gefin þar saman af sr. Einari Eyjólfssyni, fríkirkjupresti í Hafnarfirði. Ósvikin hamingja brúðhjónanna dylst engum en erfiðara er að ráða í svip litla þjakkisins sem stendur hugsandi hjá.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Yfirdýralæknir ósáttur við drátt á útboði áhætturannsóknastofu á Keldum:

Töfin er mikið áhyggjuefni

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef miklar áhyggjur af því ef við verðum ekki komnir með þessa rannsóknastofu í hendurnar á tilsettum tíma,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir um tafir þær sem orðið hafa við uppbyggingu á Keldum. Þar á að rísa fullkomin aðstaða til áhætturannsókna og krufninga. Útboð verksins hefur tafist um meira en mánuð, þar sem stjórnvöld stöðvuðu öll útboð á opinberum framkvæmdum vegna ríkjandi efnahagsástands.

Ákveðið hafði verið að áhætturannsóknastofan yrði tilbúin 1. febrúar, en þá fer aftur að aukast



KELDUR Stjórnvöld hafa verið beðin um undanþágu fyrir útboð rannsóknastofunnar á Keldum.

hætta á því að fuglflensa berist hingað til lands með farfuglum.

„Mér líst ákaflega illa á það ef við stöndum frammi fyrir því aftur að hafa ekki svona nauð-

synlega rannsóknastofu tiltæka,“ segir yfirdýralæknir. „Áhætta næsta vetur og vor verður jafnvel meiri heldur en hún var í vor. Það eru fuglar að greinast með fuglflensu á Spáni og eitthvað af okkar farfuglum er með viðkomu þar. Ég trúi ekki öðru en að stjórnvöld muni taka þessa framkvæmd út úr þessu ferli sem sett var á varðandi útboðin.“

Halldór segir aðstöðu til rannsókna af þessu tagi flýta mjög mikið fyrir niðurstöðum, þar sem ekki þurfi þá að senda sýni úr landi, auk þess sem þau geti skemmt eða misfarist á leiðinni út.

-jss

Norðurlandakonur í fríi:

Topplausar valda usla

NOREGUR Þrjátíu berbrjósta skandinávískar konur í sólbaði ollu öngþveiti á sólarströnd í Albaníu á dögunum, en bannað er að sóla sig topplaus þar í landi. Þó fór öngþveitið framhjá konunum, því lögregla sem kölluð var til treysti sér ekki til að aðhafast neitt.

„Lögreglumennirnir stóðu bara og fylgdu með. Þeir gátu ekki farið til ferðamannanna, því þeir töluðu ekki ensku,“ hefur norska blaðið Aftenposten eftir bæjarblaði ferðamannabæjarins Sarande.

Albanskar mæður drögu börn sín burt af ströndinni og fjöldi manna kvartaði við lögreglu undan konunum. Loks kom leiðsögumaður kvennanna og upplýsti þær um lög landsins, en þá voru konurnar þrjátíu búnar að sóla sig í tvo tíma.

-smk



REYKJAVÍKUR MARAPÓN GLITNIS 19. ÁGÚST



Skráðu þig núna á www.glitnir.is

GLITNIR

Lostæti á grillið!

Bestir í kjöti
NÓATÚN

í 40 ár

Úr Fiskborði Nóatúns

Úr Kjötborði Nóatúns

Sparaðu
600kr.

LAMBALÆRI
FERSKT ÚR KJÖTBORÐI

898 kr.
kg

33%
afsláttur

LÚÐU FISKISPJÓT
MEÐ BEIKONMARINERINU

399 kr.
stk.

33%
afsláttur

Úr Fiskborði Nóatúns

KEILUSPJÓT
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

399 kr.
stk.

33%
afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

GRÍSA SMÁSPJÓT
Í GRÍSKUM KRYDDLEGI

199 kr.
stk.

33%
afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

NAUTAFILLE SMÁSPJÓT
Í KANSAS MARINERINU

199 kr.
stk.

TOPPUR 1,5 l
hreinn, sítrónu eða lime

119 kr.
stk.



NÓA
RJÓMASÚKKULAFI
100 g

149 kr.
pk.

Allt
„Bakað á
staðnum“

25%
afsláttur

...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

Splunkunýtt verð 1.998.000 kr.

Golf Trendline, 1.6 beinskiptur



Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekkja allir en verðið kemur skammtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið



Aus Liebe zum Automobil

Finnur þú fyrir sekt?

Umferðarlagabrot

*Of hraður akstur	kr. 135.000
Ekið á móti rauðu ljósi	kr. 15.000
Tvö börn laus í bíl	kr. 20.000
samtals	kr. 170.000

* Ökumaður sviptur ökuskrifteini í 3 mánuði.

Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.



Öflugri löggæsla á vegum landsins.

Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.



UMFERÐARSTOFA



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



VEGAGERÐIN



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

humarhátíð í nettó

allt að verða vitlaust

nýveiddur humar

*humar í ofninn
eða á grillið*

2 fyrir 1

Humar 500gr.

*sparaðu
með nettó*

*nettó
gegn verðbólgu*

*frábært
í humarréttina*

*nettó
fyrir heimilið*

99

kr/pk

X-tra hvítlauksbrauð 2 stk í pakka

O&S hvítlaukssmjör með steinselju

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 30. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

HENRY FORD (1863-1947)
FÆDDIST ÞENNAÐ DAG.

„Fyrirtæki sem helgar sig
algjörlega góðri þjónustu hefur
aðeins eitt að óttast þegar
hagnaður er annars vegar, að
hann verði svo hár að það verði
vandráðalegt.

Henry Ford var bandarískur iðnrekandi og
frumkvöðull.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 30. JÚLÍ 1954

Elvis kemur fram opinberlega

Á þessum degi fyrir fimmtíu og tveim árum kom goðsögnin Elvis Presley í fyrsta sinn fram opinberlega í Memphis, Tæpum mánuði eftir að hafa tekið upp sitt fyrsta lag. Elvis fæddist þann áttunda janúar árið 1935 í Tupelo í Mississippi en flutti sem táníngur til Memphis með foreldrum sínum. Elvis var feiminn sem barn og unglingur og var eina barn foreldra sinna en tvíburabróðir hans fæddist andvana.

Um sumarið árið 1953 fór Elvis í Sun Studios hljóðverið og tók upp tvö lög sem afmælisgjöf handa móður sinni. Hljóðverið hafði síðar samband við Elvis og það hann um að taka upp fleiri lög. Þegar Elvis tróð fyrst upp var hann svo stressaður að hann hreyfði fætur sínar ótt og títt og hnykkti mjóðmunum. Þessar hreyfingar hans féllu í kramið hjá kvenþjóðinni og frægðarsól hans reis hratt.

Á árunum 1956 til 1958 var Elvis skærasta stjarnan í rokkheiminum í Bandaríkjunum og gnæfði yfir aðra á vinsældarlistum. Allir höfðu skoðun á Elvis, ungar stúlkur dýrkuðu hann en foreldrar og máttarstólpar þjóðfélagsins voru ekki eins hrifnir. Þegar ferill hans stóð sem hæst var Elvis kallaður til herþjónustu en sneri til baka tveimur árum síðar og flestum að övörum hélt hann vinsældum sínum.

Þrátt fyrir að plötusalan hafi minnkað nokkuð á síðari hluta sjöunda áratugarins þá hélt hann áfram að senda frá sér lög sem lentu í efstu sætum vinsældarlistanna. Hann giftist árið 1968 og eignaðist eina dóttur en skildi fimm árum síðar og með árunum fóru lífsvenjur hans versnandi. Hann var að mestu heima hjá sér í Graceland þar sem hann var háður lyfjum og óhollum mat og vinsældir hans fóru þverrandi. Hann lést aðeins 42 ára gamall úr hjartaáfalli.



MERKISATBURÐIR

- 1797 Geir Vídalín er vígður biskup í Skálholtsbiskupsdæmi og var þetta í fyrsta sinn í 120 ár sem biskup var vígður hérlendis.
- 1874 Ríkjandi konungur kemur í fyrsta sinn til Íslands þegar Kristján níundi Danakonungur kom til þess að vera viðstaddur þjóðhátíð í byrjun ágúst.
- 1932 Sumarólympíuleikarnir hefjast í Los Angeles í Kaliforníu.
- 1961 Brúin yfir Hornarfjarðarfliót er vígð en hún er alls 255 metrar að lengd.
- 1975 Verkalýðsforinginn Jimmy Hoffa hverfur og sést aldrei aftur.
- 1998 Hús Nýja bíós við Lækjargötu brann til kaldra kola en þar voru til húsa skemmtistaðir, skrifstofur og verslanir.

AFMÆLI



AUDUR
LAXNESS ER 88
ÁRA.



ÁRNI ÞÓR
SIGURÐSSON ER
46 ÁRA.



SIGURÐUR
PÁLSSON SKÁLD
ER 58 ÁRA.



ARNÓR
GUÐJOHNSEN
ER 45 ÁRA.



ÁRNI
SIGFÚSSON
BÆJARSTJÓRI
ER FIMMTUGUR.



SÉRA ÞÓRHALLUR
HEIMISSON
ER 45 ÁRA.



FRÍÐRIK VIGNIR VIÐ PÍANÓIÐ Fríðrik dreif sig í framhaldsnám á síðasta ári en hann hætti nýlega sem organisti í Grundarfjarðarkirkju eftir sautján ára starf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

FRÍÐRIK VIGNIR STEFÁNSSON: RÆR Á NÝ MIÐ

Langaði til að gera eitthvað fyrir sjálfan sig

„Ég er búinn að vera í námsleyfi síðastliðið ár og ákvað svona í framhaldinu að breyta til,“ segir Fríðrik Vignir Stefánsson, organisti og kennari í Grundarfirði til sautján ára.

Fríðrik er Akurnesingur í húð og hár og lærði list sína þar en þekkti vel til í Grundarfirði. „Þegar ég var að læra á orgel á Akranesi þá var stundum leitað til mín til þess að leysa af, það var organistahallæri í Grundarfirði og ég spilaði þarna mína fyrstu messu árið 1981. Ég var síðan frá áttátíu og tvö til fjögur alltaf þarna öðru hvoru að leysa af og hjálpa til,“ segir Fríðrik.

Fríðrik flutti suður til Reykjavíkur árið 1985 og bjó þar í þrjú ár en fór svo vestur þegar honum bauðst staða tónlistarskólalastjóra og organista. „Ég ætlaði bara að vera þarna í eitt ár því að ég var á leiðinni út til Þýskalands í framhaldsnám en það breyttist þannig

að ég er búinn að vera þarna í sautján ár,“ segir Fríðrik.

Fríðrik segir að nemendur tónlistarskólans hafi verið um fjörutíu þegar hann tók til starfa þar en rúmlega hundrað þegar yfir lauk. Í Grundarfirði sinnti Fríðrik ýmsum störfum, hann var skólalastjóri, kennari, kórstjóri, organisti, söngstjóri og lék í rokkhljómsveit með þáverandi sveitarstjóra og núverandi félagsmálaráðherra, Magnúsi Stefánssyni.

Fríðrik segir að orgelið í Grundarfirði sé alveg sérstaklega gott og tónlistarlífið í blóma en tæplega þúsund manns búa þar. Hann segir orgelið góða vera aðal ástæðu þess að hann dreif sig vestur fyrir átján árum. „Söfnuðurinn var stórhuga á sínum tíma og það var safnað fyrir orgelinu með því að vinna hörpuskel og rækju og ég veit ekki til þess að það hafi áður verið afgangur í sjóði eins og var þegar

orgelið var komið upp,“ segir Fríðrik en hann spilar í Grundarfjarðarkirkju í síðasta sinn sem organisti í dag klukkan hálf tvö.

Í fyrra fór Fríðrik til Danmerkur og hóf framhaldsnámið sem hafði setið á hakanum í hartnær tuttugu ár. „Ég fór til Kaupmannahafnar og komst þarna inn í orgeleinleikaradeild og líkaði bara mjög vel, mér fannst bara kominn tími til þess að gera eitthvað fyrir sjálfan mig eftir að hafa verið í sautján ár að kenna öðrum að leika á hljóðfæri,“ segir Fríðrik en hann sótti líka tíma í kórstjórn í skólanum.

Fríðrik segir að það sé nokkur kúnt að spila á orgel því það þurfi að spila bæði með höndum og fótum en agi, vilji og smá þrjúská sé allt sem þurfi til. Hann segir framhaldið óráðið en að honum langi mest til þess að spila og vinna með kirkjukórnum.

gudrun@frettabladid.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**
Hamanshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
aðsýndu okkur samúð og stuðning vegna
andláts og útfarar ástkærrar móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Hermaníu Kristínar

Þórarinsdóttur

Skálagerði 11, Reykjavík.

Andrea Danielssen
Sigurþór Charles Guðmundsson
Hilmarsdóttir

Páll Ragnarsson
Málfríður Sjöfn

Bjarni Ólafur Guðmundsson
Þórarinn Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Martína Guðmundsson
Guðbjörg Ívársdóttir



Elskulegi faðir minn, afi og langafi,

Björn Lárússon

fyrirverandi bóndi að Auðunnarstöðum,
Sléttuvegi 15, Reykjavík,

verður jarðsönginn mánudaginn 31. júlí kl. 13 í
Bústaðakirkju. Blóm og krans afþakkaðir en þeim sem
vilja minnst hans er bent á Landssamtökin
Þroskahjálp.

Kristín Björnsdóttir, Jón V. Ottason, Hulda Magnúsdóttir,
Björn Jakob Magnússon, Kristín Guðlaug Guðfinnsdóttir
og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdalkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Safnað fyrir hálendisferð

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað tekur í notkun nýtt rými til þjálfunar og endurhæfingar í janúar 2007. Það verður staðsett í endurbyggðum hluta gamla sjúkrahússins og verður fimmtíu ára afmæli sjúkrahússins fagnað á sama tíma.

Til undirbúnings er nauðsynlegt að endurnýja búnað þjálfunardeildarinnar og hollvínasamtök sjúkrahússins standa því fyrir átaki til að fjármagna kaup á nýjum tækjum. Því er efnt til áheita nú um mánaðamótið með því að standa fyrir



gönguferð yfir hálendi Íslands. Það er gert til að minna á heilsufarslegan ávinning þjálfunar og hreyfingar.

Hvíldarheimili fyrir HIV-smitaða

Unnið er að stofnun hvíldarheimilis fyrir HIV-smitaða hér á landi og verður það staðsett á Breiðdalsvík. Stefnt er að því að heimilið verði opnað í haust.

„Þetta er í fyrsta skipti sem svona heimili er opnað hérlandis. Við erum sem betur fer mjög fá sem erum smituð á Íslandi en fyrir vikið erum við líka mikill minnihlutahópur. Því töldum við fulla þörf á að stofna svona hvíldarheimili,“ segir Alexander Björn Gíslason, einn aðstandenda heimilisins.

Svipuð heimili eru meðal annars rekin í Noregi, Danmörku og mörgum löndum Evrópu. Hafa komið upp hugmyndir um sam-

vinnu milli heimilisins hér á landi og heimila í öðrum löndum. Fælist það meðal annars í því að HIV-smitaðir hérlandis gætu heimsótt heimilin úti og erlendir gestir komið hingað í staðinn. Gert er ráð fyrir að fjórir til sex geti dvalið á heimilinu hverju sinni.

Alexander segir að náttúran og umhverfi Breiðdalsvíkur sé einstakt og að samfélagið sé alveg laust við fordóma. „Hér mætum við hlýhug og skilningi og fólk virðist vera mjög vel upplýst um sjúkdóminn. Megintilgangur heimilisins er að bjóða þeim sem sýktir eru af HIV vin í eyðimörkinni. Hér geta þeir komið og dvalist með aðstandendum sínum.“



HVÍLDARHEIMILI Unnið er að stofnun hvíldarheimilisins sem verður staðsett á Breiðdalsvík.



HUMAR Systkinin Mark D'Alessandro og Lizzie hjálpa til við humargildrurnar við heimili sitt á Flórída. FRÉTTABLAÐIÐ/AP.



Blindraletur við stofur HÍ:

Háskólinn á að vera fyrir alla

Allar stofur í helstu byggingum Háskóla Íslands hafa nú verið merktar að utan með blindraletri, en lokið var við merkinguna á þriðjudag. Það var Stúdentaráð Háskóla Íslands sem stóð fyrir verkefninu í samráði við Blindrafélagið.

„Þetta er fyrst og fremst gert til að auðvelda blindum og sjónskertum bætt aðgengi, en þetta er líka táknrænt því við viljum að allir hafi aðgang að háskólanum. Háskólinn er fyrir alla.“ segir Ásgeir Runólfsson, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

ÞESSI FÆDDUST



1958 Kate Bush, söngkona



1963 Lisa Kudrow, leikkona.



1964 Jürgen Klinsmann, knattspyrnuþjálfari.



1971 Tom Green, grínisti.



1974 Hilary Swank, leikkona.

Vetrarsólin er komin upp!

Vetrarsól | apollo

2006/2007

Gran Canaria
Beint leiguflug vikulega í allan vetur

Tailand
Þrjár ólíkar sólarparadisir

Egyptaland
Aldrei nær

Brasília
Ótrúlega spennandi nýjung

... og margir fleiri fjarlægir sólarstaðir

Tryggðu þér eintak af Vetrarsólarbæklingi okkar.

Bæklingar liggja frammi á völdum Esso-stöðvum:
 Reykjavík: Ártúnshöfði,
 Fössvogur og Geirsgata.
 Hafnarfjörður: Lækjargata
 Keflavík: Hafnargata
 Akureyri: Leiruvegur

apollo

5 100 300 www.apollo.is
 Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

Sigilir frá Straumnum

Útvegsbóndinn Magnús Kristinsson hefur verið í sviðsljósinu vegna hinna hörðu átaka sem hafa átt sér stað í Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka hf. síðustu mánuði. Í opinskáu samtali við *Eggert Þór Aðalsteinsson* greinir hann frá atburðarrásinni í Straumi, stormasömum samskiptum sínum við Björgólf Thor og fjárfestingum í Toyota og Stoke.

Magnús Kristinsson er ein og gefur að skilja með annan fótinn í Reykjavík og segist fara um 120-130 sinnum milli lands og Eyja á ári, auk tuga ferða til útlanda. Heldur hann heimili bæði í Vestmannaeyjum og í Reykjavík. Þessi 55 ára gamli útvegsbóndi frá Vestmannaeyjum hefur verið giftur Lóu Skarphéðinsdóttur hjúkrunarfræðingi um árabíl og eiga þau saman fjögur börn.

Landcruiser, pítsur og slor

Magnús er ekki einungis umsvifamikill fjárfestir í FL Group og KB banka, bréf sem hann og Kristinn Björnsson fengu í skiptum fyrir fjórðungshlut í Straumi-Burðarási. Í gegnum eignarhaldsfélög á Magnús hluti í félögum sem teygja sig frá útgerð og bílasölu, til fótbolta, líftækni og pítsusölu. Meðal félaga sem eru í eigu hans eru Bergur Huginn ehf., Domino's, Hertz, Sólning og Stoke Holding. Eftir að hann festi kaup á Toyota á síðasta ári velta félög í einkaeign hans 24 milljörðum króna á ári og nema heildareignir þeirra átján til tuttugu milljörðum.

Grunnurinn að fjárfestingum Magnúsar liggur í útgerðarfélagi hans Bergur-Huginn ehf. sem gerir út tvö skip. Brátt bætist þriðja skipið við en það verður sjósett í næsta mánuði. Hefur það fengið nafnið Vestmannaey VE-444. Útgerðin heldur utan um 5.100 þorskígildistonn, sem samsvarar um 1,2 prósentum af heildarkvóta.

„Það var mjög sorglegt að sjá öll sjávarútvegsfyrirtækin fara út af markaði og heim til föðurhúsanna,“ segir hann aðspurður um stöðu útgerðarinnar. „Almennir fjárfestar höfðu ekki trú á þessari grein og þorðu ekki að eiga sitt undir henni, kannski af því hvernig pólitíkusarnir höguðu sér. Það er alltaf þannig að þegar korter er í kosningar þá er það lausnarorð alþingismanna af landsbyggðinni, að taka frá einum og færa til annars.“

Kvótinn í Eyjum

Magnús er þeirrar skoðunar að rekstur útvegsins gangi nokkuð vel þessa dagana þótt erfitt sé í rækjunni og skelinni. Hagræðing í greininni hefur skapað stór og öflug fyrirtæki og er Magnús sáttur með hvernig til hefur tekist á heimahögunum. „Í Vestmannaeyjum hefur okkur alltaf tekist að halda tíu til ellefu prósentu hlutdeild í kvóta landsmanna, sama hversu mikið hefur verið selt af bátum frá Eyjum. Þegar báturnir hafa farið þá höfum við keypt eitt-hvað annað í staðinn. En menn eru ekki lengur að gera út fimmtíu til sextíu skip heldur komnir niður í 25-30 skip í það heila. Við erum farnir að nota þetta stál miklu betur.“

Hagræðingin hefur hins vegar haft þau áhrif að störfum hefur

fækkað og fólki þar með í Eyjum. Magnús er þó þeirrar skoðunar að gengi ÍBV hafi meiri áhrif á andlega líðan Eyjamanna en sjávarútvegurinn nokkru sinni. „Það var alveg skelfilegt að tapa þessari vítaspyrnukeppni gegn KR um daginn.“

Spennandi framtíðarkostur

Berst þá talið að Straumi. Magnús keypti stærstan hlut af þeim bréfum sem hann átti í bankanum árið 2003 á genginu 4,55. Þegar hann seldi bréfin í sumar höfðu þau fjórfaldast að virði og þar að auki bættust við myndarlegar arðgreiðslur á hverju ári. „Ég keypti þennan stóra hlut á sínum tíma af því að ég hafði mikla trú á þeirri stefnu sem Þórður Már [Jóhannesson fyrrv. forstjóri Straums-Burðaráss] var að byggja upp, og var tilbúinn að hella mér út í það að taka þátt í þessu verkefni með honum. Á þessum stutta tíma höfum við, ásamt vini okkar Kristni Björnssyni, byggt upp félag þar sem eigið fé fór úr nokkrum milljörðum í 130 milljarða króna.“

Burðarási, gamla Eimskipafélaginu, var skipt upp milli Landsbankans og Straums fyrir ári síðan. Magnús minnst þess að hafa eytt allri síðustu verslunarmannahelgi í að vinna að samruna Straums og Burðaráss en hann starfaði þá sem stjórnarformaður Straums. „Ég var austur í bústað og keyrði alla morgna til Reykjavíkur, frá fimmtudegi til mánudags. Á þriðjudag flögguðum við stærsta fjárfestingarbanka Íslands.“ Að sögn Magnúsar var blekið varla þornað fyrr en bera fór á erfiðleikum í samskiptum innan stjórnar hins nýja félags.

„BTB [Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss] fer að ásælast peninga Straums inn í sína sjóði. Ég var ekki alveg sáttur við það sem hann er að gera og segi nei. Þá uppgötvar hann að hann á við mann að etja sem er ekki tilbúinn til að þóknast honum,“ segir Magnús ósáttur. Þetta sé aðalástæða þeirrar óvildar sem varð í samskiptum hans og Björgólfs Thors. Hann sjálfur hafi ekki verið tilbúinn að segja já við öllu.

Á átta til níu mánuðum stig-magnaðist spennan þar til allt sprakk í loft upp þegar meirihluti stjórnar, undir forystu Björgólfs Thors, vék Þórði Má úr forstjórastóli Straums eins og frægt er orðið, fyrr í sumar. Meirihlutinn hafði látið sverfa til stáls eftir aðalfund félagsins í mars þegar Magnús var felldur úr stóli varaformanns Straums en síðar settist hann þar á ný, þegar reynt var að bera klæði á vopnin. Magnús á ekki orð til að lýsa undrun sinni á þessum vinnubrögðum. „Ég spurði Þórð Má, klukkutíma seinna, hvort hann hafi vitað af þessari áætlun og hann kom alveg af fjöllum.“

Þegar að þessu kom hélt Magnús að Sundsmenn, sem áttu oddamann í stjórn, hefðu ákveðið að ganga til liðs við minnihlutann til þess að vinna að því að endurheimta Straum en það reyndist tálvon.

Fimm ára starf í súginn

Magnús furðar sig á ákvörðun meirihluta stjórnar að hafa vikið Þórði Má frá völdum, sem hafi verið algjör prímus mótör og hugmyndasmiður í fyrirtækinu. „Þegar BTB kemur með þá tillögu að segja Þórði upp þá grátað ég hann að dragi tillöguna til baka. Á sama tíma hafði þegar verið samþykkt að boða til nýs hluthafafundar. Það var því nærtækast að láta nýja stjórn taka það upp hvort láta ætti manninn fara eða ekki.“ Magnús segir að eflaust hefði það engu skipt, Björgólfur náði aftur meirihluta í núverandi stjórn og Þórði hefði ekki verið á vetur setjandi. „Það voru engin rök fyrir ákvörðun BTB að reka Þórð Má. Afkoman sýndi að bankinn var á réttri leið undir hans stjórn og eftir því var tekið héraendis og erlendis.“ Þórður Már var búinn að starfa við Straum frá árinu 2001 og byggja þennan banka upp frá grunni. Magnús spyr hvort það hafi verið Björgólfi ofviða að horfa upp á dagnaðinn í Þórði Má.

Hann leggur á það áherslu að stefna hans, Þórðar og Kristins hafi ávallt verið sú að bera hagsmunum allra hluthafanna í Straumi-Burðarási fyrir brjósti, ekki einstakra eigenda. Menn hafi viljað byggja upp fyrirtækið með það að leiðarljósi að allir 22 þúsund hluthafarnir nytu göðs af því en hafi hins vegar orðið varir við að þannig áttu hlutirnir ekki að verka. Það starf sem hann og fleiri hafi byggt upp á fimm árum var eyðilagt á fimm dögum í júní. „Það eitt gerði það að verkum að verðgildi félagsins hefur fallið um þrjátíu milljarða. Þeir sem eru að tapa þessum peningum erum við og fólkið í landinu.“

Eyjamaðurinn hefur miklar áhyggjur að núverandi stjórnunarteymi Straums-Burðaráss ráði ekki



VESTMANNAEY VE 54 Bergur Huginn ehf. ræður um 1,2 prósentum af heildarkvótanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUDMUNDUR ALFREÐSSON

við verkefnið. Veltir hann því fyrir sér hvernig núverandi stjórnendur ætli sér að að fara að þegar þeir fara til lánardrottna og viðskiptavina í Skandinavíu og Englandi til að kynna nýjan mann til leiks og gefa þá skýringu að gamli forstjórninn hafi ekki verið nógu duglegur og verið látinn fara af því hann hlýddi ekki og skilaði ekki árangri. „Sjálfur hef ég fengið símtöl erlendis frá þar sem menn hafa hneykslast á þessu auk óteljandi símtala hér heima í sömu átt.“

Afkoman Þórði að þakka

Það kemur varaformanninum fyrrverandi spánskt fyrir sjónir að hlusta á þær þversagnir sem komi frá núverandi stjórnendum Straums. Annars vegar hafi sú skýring verið gefin fyrir brottrekstri Þórðar Más að hann hafi ekki unnið eftir stefnu félagsins. Hins vegar segja þeir að afkoma Straums á öðrum ársfjórðungi beri



MAGNÚS KRISTINSSON, FJÁRFESTIR OG ÚTVEGSBÓNDI FRÁ EYJUM Vildi ekki þóknast Björgólfi Thor Björgólfssyni og telur Magnús það vera ástæðuna fyrir óvild í hans garð. Straumskafnanum er lokið hjá Magnúsi. Ætlar hann að einhenda sér í næstu verkefni, eins og rekstur Toyota.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

að þakka uppbyggingu á tekju-grunni félagsins, þóknunartekjum og vaxtatekjum þegar hlutabréfasafnið hafi á sama tíma verið að minnka. „Þetta er einmitt sú stefna sem Þórður vann eftir. Þeir tala þvert um það sem þeir eru alltaf að segja, þvert á móti sínum eigin

sameiningin átti sér stað hafði því verið lofað að minnka þennan hlut Straums. Við það loforð var aldrei staðið.“

Magnús telur að Akkilesarhæll Straums-Burðaráss um þessar mundir sé sá hvað félagið á mikið í sjóðum tengdum Björgólfi Thor Björgólfssyni, stjórnarformanni en Novator-sjóðurinn hefur fjárfest í símafélögum meðal annars í Póllandi, Tékklandi og Búlgaríu. „Þegar Friðrik Jóhannsson [forstjóri Straums] kemur til starfa, eftir að okkur hafði verið ýtt út, boðaði hann á starfsmannafundi að Straumur myndi fara meira inn í fjárfestingar tengdum fyrirtækjum stjórnarformannsins. Hverslags yfirlýsing er þetta? Hafa þær verið að gefa svo mikið?“

Skuldar Straumi ekkert

En þú sjálfur? Hver voru þín viðskipti við Straum? „Ég skulda ekkert í Straumi, fyrir utan sameiginlega skuld nokkurra eigenda félagsins upp á einn milljarð vegna kaupa á Domino's. Straumur sá um sölu á Toyota á Íslandi hf. á sínum tíma en kaupin voru fjármögnuð annars staðar.“

Fram hefur komið að Björgólfur Thor var reiðubúinn fyrr á árinu að selja fimmtungshlut Samsonar í Straumi-Burðarási fyrir peninga. Þegar á reyndi var þessi hlutur aldrei til sölu segir Magnús. „Þórður mátti ekki koma að því og ég mátti alls ekki koma að því.“ Meira að segja kom til tals að FL Group keypti hlut Björgólfs Thors en ekkert varð af því. „Meira að segja FL Group var ekki þóknalegt honum á þeim tíma.“ En kom til greina að Magnús seldi Björgólfi bréf sín? „Hann reyndi oft að kaupa mig út en ég var aldrei til sölu.“

Magnús dregur ekki dul á það að vinnubrögð Björgólfs Thors séu honum ekki að skapi. „Sjáði þið allt þetta þóknunarfólk í kringum



HELSTU ÞÁTTTAKENDUR Í STRAUMI Björgólfur Thor, Þórður Már og Magnús á aðalfundi félagsins 2006. Á fyrsta fundi stjórnar var varaformaðurinn var felldur úr sæti.

Stoke var tómt djók en Toyota rúllar vel

Fjárfesting Íslendinga í enska fótbolta-liðinu Stoke um síðustu aldamót trónir ofarlega á lista yfir verstu viðskipti Íslands sögunnar. Magnús hefur sjálfur lýst því yfir að þetta sé versta fjárfesting hans frá upphafi en bætir jafnframt við að ef menn fara í fylgu af því að tapa peningum þá eigi þeir ekki að fjárfesta í hlutabréfum. Mikill spenn-ingur var hjá kaupendum á sínum tíma en tíðarandinn var þannig að allar viðskiptahugmyndir urðu að gulli. „Ég held að illa hafi verið að þessu staði þegar við förum af stað. Við kaupum klúbbinn of dýru verði,“ segir Magnús. Fyrsta strandið varð þegar tekjur af sjónvarpssamningum töpuðust og

aldrei varð draumurinn um úrvalsdeildar-sæti að veruleika. „Síðan gerist það að Íslendingahópurinn missir jafnt og þétt áhugann og menn eru ekki tilbúnir að leggja inn meiri pening.“ Fyrir nokkrum vikum var hlutur Stoke Holding í Stoke seldur og gerður upp. Magnús býst við að fjárfestar fái væntanlega til baka þriðjung af upphaflegri fjárfestingu í Stoke Holding.

Toyota í sókn

Útvegsbóndinn er spurður um fjárfestingu sína í Toyota á Íslandi, stærstu bílasölu landsins sem er með umboði í fimm bæjarfélögum. Var hann að gera mikla skyssu að fjárfesta í bílasölu í



REKUR STÆRSTA BÍLAUMBOÐ LANDSINS Magnús keypti Toyota-umboðið í desember af Páli Samúelssyni og fjölskyldu. Markaðshlutdeild Toyota stendur í þrjátíu prósentum.

toppi hagsveiflunnar? Hann hristir hausinn og hlær: „Við vorum að afhenda fjögurþúsundasta bílinn af gerðinni Toyota í þessari viku. Það er ekki hægt að gera betur á Íslandi.“ Á metárinu í fyrra seldi umboðið 4.800 bifreiðar þannig að Magnús er á góðri leið með að bæta metið. Hann tekur fram að markaðshlutdeild Toyota sé komin yfir

þrjátíu prósent en hafi verið tæp 24 prósent þegar hann tók við keflinu. En af hverju vill Eyjamaður selja bíla? „Ég var alltaf svo skotinn í þessu félagi. Þetta var eitthvað svo spennandi. Ég spurðist fyrir um hvenær fyrirtækið ætti að fara í söluferli, fékk gögn þegar eigendur vildu selja og fékk það á endanum.“



hann. Það eru bara peyjar á launa-skrá að búa til gögn fyrir drenginn. Þeir vinna að öllum þessum leikritum og hrókeringum sem áttu sér stað. Þeim tókst það meira að segja fyrir rest að þína Sundsmenn til fylgis við sig.“ Magnús minnst á það að fyrir nokkrum vikum hafi verið farið að bera á því að starfsmenn tengdir Björgólfi hafi verið farnir að taka einstaka starfsmenn Straums-Burðaráss í bíltúr eða á eintal til að pumpa þá. „Ég hef frétt af því að einn einstaklingur hafi verið boðaður til útlanda til þess að gefa Björgólfi Thor skýrslu um hvað væri að gerast frá degi til dags,“ segir Magnús og lætur þung orð falla: „Þetta eru vinnubrögð sem eru viðhöfð annars staðar en á Íslandi.“

Afskiptaleysi FME

Magnús segist ekki geta skilið við frásögn sína án þess að nefna þátt Fjármálaeftirlitsins. „Ég fór á fund FME til að gera þeim grein fyrir hver vinnubrögð BTB væru. Þeir töldu ekki neina ástæðu til að athuga neitt. Það er greinilegt að hann stjórnar ekki bara Landsbankanum, Samson og Straumi, það mætti jafnvel ætla að hann væri líka farinn að stjórna opinberum stofnunum.“ Magnús segist hafa hringt í eftirlit-ið þegar hann var á leið á hluthafafund í Straumi þann 19. júlí og spurt hvort hann hefði atkvæðisrétt á fundinum en viðskipti hans við FL Group eru ekki enn að fullu frágengin. Hann hafi fengið þau svör að tíu síðna bréf væri á leiðinni til hans, þess efnis að hann og tengdir aðilar mættu aðeins fara með 9,95 prósent atkvæða á fundinum.

„Ég vil við kveðjustund óska Björgólfi Thor, stjórnendum Straums, og sér í lagi starfsmönnum sem hafa unnið gott starf, alls hins besta í framtíðinni. Nú er kominn tími til að beina kröftunum að Toyota og öðrum fjárfestingum.“

LATÓ

HAGKERFIÐ

Þú getur notað
LATÓ seðlana þína í...

**Fjölskyldu-og
húsdýragarðinum**
300 LATÓ
-gildir aðeins virka daga

**Sund
um allt land**
100 LATÓ
-sjá sundstaði á
www.glitnir.is/Latibaer

Strætó
100 LATÓ

Hagkerfið er opið frá
1. júlí til 19. ágúst.

Þar sem stríðsátök eru daglegt brauð

Daglega berast okkur fréttir af því skelfingarástandi sem nú ríkir á landamærum Ísraels og Líbanon, þar sem ísraelski herinn og skæruliðar Hizbollah-hreyfingarinnar eigast við. Linnulausar sprengjuárásir og stríðsátök eru þar daglegt brauð; hundruð þúsunda manna hafa þurft að yfirgefa heimili sín; fjöldinn allur af saklausum borgurum beggja vegna landamæranna liggur í valnum og enn fleiri eiga um sárt að binda um langa framtíð.

Blessunarlega eiga flestir Íslendingar erfitt með að setja sig í spor þess fólks sem býr við þetta hörmungástand, fæst okkar hafa upplifað eitthvað þessu líkt. Engu að síður er nokkur hópur Íslendinga sem þekkir það að búa við stöðuga stríðsögn og ótta við hermdarverk. Sigurður Þór Salvarsson ræddi við Íslendinga sem búsettir eru í Ísrael og hafa kynnst því eldfima ástandi sem þar ríkir af eigin raun.



HÖRMUNGAR STRÍÐSÁTAKA Íslendingar eiga erfitt með að gera sér í hugarlund þær hörmungar sem átökin milli Ísraels og Hizbollah í Líbanon hafa í för með sér fyrir óbreytta borgara. Hundruð hafa týnt lífi og eignartjón er gífurlegt.



ÓTTAR EGILSSON OG SONUR HANS DANÍEL Það er létt yfir þeim feðgum þrátt fyrir ótryggt ástand á heimaslóðum þeirra, þar sem hættan á árásum er sífellt yfirvofandi.

Reynum að halda börnunum frá þessu

Hann umgengst tigrisdýr og hlébarða í návígi á hverjum degi og býr aukinheldur á einu mesta átaka-svæði heims þar sem stríðsástand og hryðjuverk hafa verið daglegt brauð undanfarna áratugi.

Óttar Egilsson er 44 ára gamall Íslendingur sem hefur búið í Ísrael síðan 1994. Hann er giftur ísraelskri konu, Anat Egilsson, og eiga þau þrjú börn, 4, 12 og 15 ára. Fjölskyldan býr í borginni Modin sem er miðja vegu milli Jerúsalem og Tel Aviv. Óttar og Daníel sonur hans eru í heimsókn á Íslandi þessa dagana. Daníel er í fyrsta sinn á Íslandi síðan hann fór frá landinu sex mánaða gamall.

Fólk orðið vant þessu

Óttar er brosmildur maður; glaður í bragði og ber það ekki með sér að búa í návígi við vopnuð átök og hryðjuverk og hafa gert það síðastliðin tólf ár. „Við verðum í sjálfu sér ekki svo mikið vör við átökin núna og svo er fólk þarna bara búið að venjast þessu ástandi gegnum árin, þetta er búið að vera meira og minna daglegt brauð mörg undanfarið ár og maður verður bara að vera sterkur og taka því sem að höndum ber,“ segir hann.

Hann segist vissulega finna fyrir spennu hjá fólki og auknu stressi þegar bardagar geysa eins og nú á landamærum Ísraels og Líbanon. En hvað með börnin, hvernig taka þau þessu? „Það er misjafnt en þau eru auðvitað orðin vön þessu líka. Í mínu tilvikinu reynir maður að halda fréttalutningi frá átökunum eins mikið frá þeim og hægt er, sérstaklega litlu krökkunum. Þau þurfa að hugsa um eitthvað annað en þetta og það er mikilvægt að láta þau hafa nóg fyrir stafni.“

Endalaus fréttalutningur

Sjálfur segist Óttar líka forðast að liggja yfir fréttalutningi af átökunum. „Málið fyrir mig til að halda einfaldlega sönsum er að hlusta ekki of mikið á fréttir af þessu. Íslendingar hlusta mikið á fréttir, það koma nýjar fréttir á klukkutíma fresti, en ef ég ætla að lifa eðlilegu lífi er gjörsamlega ómögulegt fyrir mig að hlusta og horfa á endalausar fréttir af þessu.“

Ferðamennirnir farnir

Áhrif stríðsins á daglegt líf flestra Ísraelsa eru enn sem komið er lítil að sögn Óttars en dragist átökin á

langinn fer fólk að finna meira fyrir þessu. Þó er þetta þegar farið að hafa áhrif á ýmsum sviðum. „Flestallir ferðamenn eru til dæmis farnir frá landinu. Áður en átökin byrjuðu voru ferðamenn farnir að koma í vaxandi mæli til landsins og meira að segja voru alls kyns rokkhljómsveitir farnar að koma og halda hljómléika, sem hefur ekki gerst í langan tíma. Nú er þetta allt búið aftur, þannig að þetta á eftir að hafa mikil áhrif, ekki síst á efnahag landsins, þó þeirra áhrifa sé ekki farið að gæta ennþá.“

Hlébarðar og tigrisdýr

Síðustu sjö árin hefur Óttar unnið í dýragarði skammt utan við Tel Aviv en garðurinn er stærsti dýragarður í Mið-Austurlöndum með alls um 2.500 dýr. Þetta er safarígarður og þar eru bæði opin svæði þar sem hægt er að keyra um og svo dýr í búrum. „Ég vinn í kattadeild dýragarðsins, sé um að sinna hlébörðum og tigrisdýrum. Þetta eru mjög skemmtileg dýr, mjög gaman að umgangast þau, mörg þeirra eru alin upp í dýragarðinum og þekkja okkur starfsmennina vel. Sjálfur er ég úr sveit og hef gaman af því að



ELDFLAUGAÁRÁS Í ÍSRAEL Ísraelskir lögreglumenn að störfum þar sem bíll hefur orðið fyrir eldflaug í norðurhluta Ísraels en eldflaugar Hizbollah-skæruliða hafa náð mun lengra inn í Ísrael í þeim átökum sem nú standa yfir en áður hefur gerst.



STRÍÐSÁTÖKIN BITNA MEST Á SAKLAUSU FÓLKI Hundruð þúsunda óbreyttra borgara eiga um sárt að binda vegna stríðátakanna milli Ísraels og Hizbollah. Fjöldinn allur beggja vegna landamæra landanna hefur þurft að flýja heimili sín og hafast við á víðavangi.

umgangast dýr þótt þetta sé mjög frábrugðið því sem ég átti að venjast í sveitinni.“

Mikil aðsókn

Þegar átökin milli Ísraels og Hizbollah mögnuðust og fólk í norðurhluta Ísraels þurfti að flýja að heiman í stórum stíl og flytja sig sunnar í landið, þá var ákveðið að hafa ókeypis inn í dýragarðinn fyrir alla. „Síðan er búið að vera brjálað að gera, allt troðfullt af fólki upp á hvern einasta dag,“ segir Óttar.

Árásarhættan eykst

Það að fólk í norðurhluta Ísraels þurfi að flýja heimili sín vegna árása er ekki nýtt en Óttar segir fjöldann sem nú hefur þurft að flýja að heiman miklu meiri en áður. „Það er til dæmis alveg nýtt að fólk þurfi að flýja frá Haifa, það hefur aldrei gerst áður, en þetta er stór hafnarborg og mjög mikilvæg fyrir Ísrael. Og það er vissulega áhyggjuefni að skæruliðar geti skotið eldflaugum á Haifa, smærri bæir nálægt landamærunum við Líbanon hafa hins vegar alltaf af og til orðið fyrir svona árásum. En nú óttast menn að Hizbollah geti komið sér upp enn öflugri vopnum og geti þannig ráðist á skotmörk enn sunnar í landinu.“

Verður að afvopna Hizbollah

Þess vegna telur Óttar einu leiðina fyrir Ísrael til að tryggja öryggi sitt, að reyna að ganga milli bols og höfuðs á Hizbollah í eitt skipti fyrir öll. „Það verður að gera það ef þetta á einhvern tíman að enda,“ segir hann. En er ekki óraunhæft að halda að það sé

„...það er óneitanlega alltaf svolítill beygur í mönnum að fara með strætisvagni enda hafa flestar sjálfsmorðsárásirnar verið gerðar í strætisvögnum.“

hægt? „Það getur vel verið en Ísraelar hafa alltaf verið bjartsýnir,“ segir hann og bendir á að ísraelski herinn sé mjög öflugur, einn sá öflugasti í heimi. „Þetta verður erfitt en það er ekkert annað hægt að gera og ég hef trú á að það sé hægt.“

Mistök að fara frá Líbanon

Óttar hefur ákveðnar skoðanir á þessum málum og segir það hafa verið mistök hjá Ísraelum að fara frá Líbanon árið 2000. „Ef ísraelski herinn hefði haldið þessum svæðum áfram hefði það sem er að gerast í dag ekki gerst. Það sama er að gerast í Gaza, herinn er búinn að yfirgefa það svæði og um leið eru allar borgir í suðurhluta Ísraels í hættu vegna eldflaugaárása. Tengdamóðir mín býr í Askalon og það er alveg nýtt að sú borg hefur orðið fyrir árásum, það hefur aldrei gerst áður, þannig að þetta ástand er bara afleiðing þess að herinn yfirgaf þessi svæði. Umheimurinn þrýstir stöðugt á Ísraela um að gefa eftir og reyna að leysa þetta og þetta er það sem kemur út úr því.“

Mikil samstaða

Óttar segist ekki verða var við annað en að mikil samstaða sé meðal ísraelsku þjóðarinnar um viðbrögð við árásum Hizbollah og sátt um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til. „Ég sá í sjónvarpinu um daginn frá einhverri mót-mælagöngu í Jerúsalem þar sem fólk var að mótmæla árásumum á Líbanon. Mér sýndist vera afskaplega lítil þátttaka í þessum mótstaður eigi lítinn stuðning í Ísrael.“

Fólk er á varðbergi

En óttast fólk ekki að hörð viðbrögð Ísraels í Líbanon geti orðið til þess að hryðjuverk og sjálfsmorðsárásir verði á ný daglegt brauð í Ísrael? „Jújú, það getur alltaf komið upp aftur og vissulega er erfitt að búa við slíkt óöryggi. Ég fer oft með strætó í vinnuna og það er óneitanlega alltaf svolítill beygur í mönnum að fara með strætisvagni enda hafa flestar sjálfsmorðsárásirnar verið gerðar í strætisvögnum. Fólk er alltaf á varðbergi.“

Útilokar ekki heimflutning

Óttar býst við að hann og fjölskylda hans verði áfram í Ísrael enn um sinn. „Ég á frekar von á því en þó hefur sú umræða komið upp að fara heim til Íslands og ef maður fengi góða vinnu hér í uppsveiflunni er það ekki útilokað. Ég sakna Íslands alltaf og fjölskyldunnar og þetta ástand í Ísrael núna er auðvitað erfitt fyrir fjölskyldur sem eiga ættingja þarna suður frá, fólk er skiljanlega áhyggjufullt. Þannig að maður veit aldrei hvað gerist,“ segir Óttar Egilsson.



ÍRIS HANNA GRÉTARSÓTTIR BIGI-LEVI Hefur aldrei hvarflað að henni að fara frá Ísrael þrátt fyrir ótryggt ástand og vill bara fá að lifa þar í friði.

Við lifum í voninni

Íris Hanna Grétarsdóttir Bigi-Levi er 36 ára gömul íslensk kona sem býr í Jerúsalem og hefur búið í Ísrael undanfarin 13 ár. Hún er gift Sholomo Bigi-Levi og eiga þau þrjú börn 11, 8 og 5 ára gömul.

Íris segist ekki beinlínis verða vör við átökin á landamærum Ísraels og Líbanon þar sem hún býr í Jerúsalem. „Það fer mikið eftir því hvar í landinu maður býr og við erum sem betur fer ekki þar sem ástandið er verst í norðurhluta landsins þar sem fjöldi fólks hefur neyðst til að flýja burt; margir hafa dáðið og aðrir þurfa að hafast við í neðanjarðarbyggjum langtímum saman,“ segir hún.

Mikil samstaða

Hún kveðst þó hafa upplifað ýmislegt þessi ár sem hún hefur búið í Ísrael. „Þó það hafi ekki alltaf verið stríðsástand hafa einhvers konar átök oft legið í loftinu og það veldur spennu,“ segir hún.

Og spennan er mjög áberandi þessa dagana að sögn Írisar, líka í Jerúsalem, en að sama skapi segir hún mikla samstöðu ríkja meðal fólks í landinu vegna átakanna. „Hér eru allir tilbúnir að rétta fram hjálparhönd og mjög margir hafa tekið á móti ættingjum og vinum sem hafa þurft að flýja átakasvæði.“

Fólk viðbúið öllu

Fyrir utan þá spennu sem stríðsátökin skapa meðal almennings í Jerúsalem segir Íris þau enn sem komið er ekki hafa bein áhrif á daglegt líf í borginni. „Fólk er samt óttaslegið yfir því að þessi átök breiðist út og þó svo að beinar eldflaugaárásir á Jerúsalem séu ekki líklegar þá eykst hættan á hermdarverkum eftir því sem átökin dragast á langinn og þau geta dunið yfir hvar og hvenær sem er. Fólk er því viðbúið öllu og hefur áhyggjur af framtíðinni,“ segir hún.

Ætlaði norður í fri

